

eignarnámsins. Ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola, skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Ákveður matsnefnd trygginguna.

Matsnefnd er og heimilt að hafa þann hátt á, sem segir í 1. mgr. þessarar greinar, ef vandkvæði eru á að ákveða bætur fyrirfram eða mat er að öðru leyti vandasamt.

#### 15. gr.

Eignarnemi getur horfið frá fyrirhuguðu eignarnámi, ef hann segir til þess innan mánaðar frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir, en bæta skal hann allt tjón, sem rakið verður til aðgerða hans. Að kröfu eignarnámsþola er eignarnema þó skylt að greiða eignarnámsbætur, ef eignarnemi hefur tekið umráð eða hafið hagnýtingu verðmætis, eftir atvikum gegn tryggingu, sbr. 14. gr.

#### 16. gr.

Heimilt er matsnefnd, þótt eignarnámsmati sé lokið, að taka til úrlausnar kröfur um eignarnámsbætur, sem ekki hefur verið fjallað um í matinu, ef krafa kemur fram um það, áður en ár er liðið frá því að þeim framkvæmdum lauk, sem voru til efni eignarnámsins. Sama gildir um bótakröfur eignarnámsþola, er stafa af því, að veruleg breyting hefur orðið á bótagrundvelli þeim, sem matsniðurstaða byggist á.

#### 17. gr.

Leita má úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnáms, þar á meðal ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðastgreint atriði þó ekki fyrir en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.

#### 18. gr.

Formaður matsnefndar varðveitir matsúrskurði og sér um útgáfu þeirra eða úrdrátta úr þeim. Jafnan skal senda fasteignamati ríkisins afrit matsúrskurða.

#### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms, og svo önnur lög, að því leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara, sbr. þó 1. gr. Nú hefur dómkvaðning matsmanna farið fram fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá það mat fara eftir eldri reglum.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu landspildu, allt að 8 ha. að stærð, úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Söluverðið fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

## um Happraætti Háskóla Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happraættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 60000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H.
- b) Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum happraættisráðs og happraættisstjórnar Háskólans.
- c) Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.
- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, er ráðherra skipar til þess. Skulu í henni sitja fimm menn og tveir til vara. Skulu að minnsta kosti tveir nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnaðinn af þessu ber happraættið.
- e) Einkaleyfi til að reka happraættið má veita til 1. janúar 1989. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettó-ársarði í einkaleyfisgjald.

## 2. gr.

Á meðan happraættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappraætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra